



P. PORGRÍMSSON & CO
ÁRMÚLA 29 - 108 REYKJAVÍK - S:553 8640 - WWW.THCO.IS

WICANDERS W-240

Kontaktlím /Snertilím án leysiefna!

Notað á náttúrukorkflísar

Undirbúningur gólfsins:

- * Gólfíð á að vera slétt, þurrt og laust við fitu og ryk.
- * **Raki í gólfi má ekki vera meiri en 2,8 %**
- * Fylla þarf í sprungur í gólfi.
- * Athugið hvort flota þurfi gólfíð!
- * Lesið vandlega leiðbeiningar framleiðanda korkflísanna!
- * Athugið blæbrigði og mynstur korkflísanna **áður en lagt er.**

Berið límið á með svamp límrúllu (jafnt og þunnt) bæði á gólflötinn og bakhlið korkflísanna og látið þorna. Ef gólfíð hefur verið slípað, verður að grunna það og láta síðan þorna vel.

Athugið að korkur er náttúrulegt efni og eru blæbrigði eðlileg.

Það ber að hafa í huga við lögnina svo gólfíð verði sem fallegast.

Biðtími límsins er um 0,5 til 1 klst. eða eftir ídrægni gólfsins.

Vinnslutími: Um 2 – 3 klst. á ólökkuðum korkflísum eða 1 - 2 klst. á forlökkuðum korkflísum. **Áriðandi:** Miðað er við 20° hita og 65% raka. Biðtíminn getur breyst ef forsendur eru aðrar.

Hreinsun: Notið vatn.

Geymsla: U.þ.b. 12 mánuðir við stofuhita.

Efnispörf: U.þ.b. 250 g./m² eða 1 kg. á 4-6 m²

Líming: Berið fyrst lím á bakhlið plötunnar

með svamp límrúllu og síðan á gólflötinn (þunnt og jafnt). Þegar límið er orðið gegnsætt (glært – venjulega eftir 30-60 mín.) þá má leggja flísarnar varlega á gólfíð og þær hamraðar niður með gúmmíhamri og að lokum valtað yfir með 50 kg. valtara (einnig má "ganga" korkflísarnar niður).

Ef hitalögn er í gólfi, vinsamlega hafið samband við sölumenn

P. Porgrímsson & Co varðandi líminguna.

Gætið þess að hitastig fari ekki niður fyrir +15 °C og að raki fari ekki yfir 75%.

Geymið þar sem börn ná ekki til.

Fargið afgangum hjá Sorpu.

Innflutningur og sala: P. Porgrímsson & Co ehf. – Kt: 710269-2119 - Ármúla 29, 108 Reykjavík,

Sími: 512-3360-Símbréf: 512-3361-Tölvupóstfang: thco@thco.is - Heimasíða: www.korkur.is

be/06



P. ÞORGRÍMSSON & CO

ÁRMÚLA 29 - 108 REYKJAVÍK - S:553 8640 - WWW.THCO.IS

Leiðbeiningar

Wicanders W 2000 vatnslakk

Fljótþornandi – Lyktarlítið - Leysiefnalaust – Slitþolið

Eiginleikar : 100% Pólýurethan vatnslakk, mjög harðgert sem nær hámarks hörku eftir 8 daga þegar það er full þornað, mikil teygja og frábært þol gegn kemískum efnum.

Notkun : Til lökkunar á ómeðhöndluðum náttúrukorkflísum, marmarakorki, Identity og Personality.

Blöndun : Blandið 10% herði út í lakkið og hristið vel (herðir meðf. lítil dós)
Notist innan 2ja klst. eftir blöndun.

Eftir blöndun lakks og herðis verður lakkið hvítleitt á litinn.

Ráðlegt er að blanda aldrei saman meira magni en fyrirhugað er að nota í hvert sinn. - Eftir 2-3 klst.er ónotuð blanda, ónothæf.

Lökkun : Berið lakkið á c/a 12 klst eftir að korkurinn hefur verið límdur (lagður) á gólfíð. **Þetta á ekki við ef notað er W-240 lím frá Wicanders.**

Ef notað er W-240 lím má lakka yfir strax eftir lögn.

Hreinsið af korkinum öll óhreinindi sem hindra geta viðloðun

lakksins (ryk, vax, olía, silicon o.s.frv.)

Munið að fjarlægja límbletti af yfirborði korksins áður en lakkið er borið á.

Notið sandpappír eða möttunarmottu til að matta yfirborð fyrir lökkun. (P400 eða finni) Best er að nota lakkrúllu af gerðinni ANSA 550525 eða sambærilegt..

Ómeðhöndlaðan náttúrukork skal láta standa í u.þ.b. 12 klst eftir fyrstu lakk umferð.

Berið á 3 umferðir af W 2000 (jafnvel 4 umferðir, ef afgangur er) .

Látið þorna í 2-3 klst. milli umferða. Ef líða 24 klst þarf að matta fyrir

lökkun líkt og um endurlökkun er að ræða. **Mikilvægt að láta fljóta vel.**

Pússið gólfíð með fínum sandpappír fyrir síðustu umferðina (**þó ekki skilyrði**) en munið að ryksuga vel áður en að síðasta umferðin er borin á.

Efnisnotkun : 100-120 g/m² per umferð (Dæmi : 1 ltr. = 8 til 12m²)

Þornun : U.þ.b. 2 klst. (pr umferð) við +20°C og 65% raka.

Óhætt er að ganga á gólfinu eftir c/a 8-24 klst (80- 90% hörðnun).

Endanleg hörðnun næst eftir 8 daga. Æskilegt er að hvorki þvo gólfíð né leggja teppamottur á fyrstu 8 dagana.

Dagleg þrif : Notið aðeins vatn, **Wicanders Soft Cleaner** eða aðrar mildar gólfsápur

Hreinsun áhalda : Þvoið áhöld strax með vatni eftir notkun.

Förgun lakksins : Varist að hella afgangi af lakkinu í niðurföll.

Leyfið ónotuðum afgangi af blöndunni að þorna og fargið hjá Sorpu.

Geymsla : Lakkið hefur takmarkaðan geymslutíma, u.þ.b. 9 mánuðir, vel lokað í upprunalegum umbúðum.

Í vörugeymslu og við flutning skal hitastig vera á milli +5°C til 25°C.

Geymið þar sem börn ná ekki til.

Neytið hvorki matar, drykkjar eða reykið í námunda við lakkið.

Notið hanska við lökkunina.

Loftræstið vinnustaðinn.

Þvoið lakkið af með vatni ef það berst á hörundið.

Nánari upplýsingar: Þ. Þorgrímsson & Co - S: 512-3360